

Fréttir af deildarfundum Auðhumlu 2018

FRÉTTIR

Vel á fjórða hundrað bændur sóttu deildarfundum Auðhumlu þetta árið og fóru þar fram góðar umræður um Auðhumlusamstæðuna það mikilvæga fjöregg mjólkurframleiðenda.

Framundan er töluverð uppbygging hjá MS og var fjárfestingaráætlun fyrirtækisins næsta árin rædd. MS stendur frammi fyrir mikilli þörf á endurnýjun á tækjum meðal annars duftgerð á Selfossi sem er 35 ára og keyrir ekki lengur á fullum afköstum vegna skemmda.

Umræður spunnust einnig um tollasamning Íslands við ESB sem tekur gildi í næsta mánuði. Hver þróunin hefur verið í innflutningi á osti síðustu misseri, hvað er framundan og væntanleg áhrif hans.

Rætt var um spá um framleiðslu þessa árs. Árið 2017 var metár í framleiðslu en tap varð meðal annars vegna misvægi efnisþátta. Ekki er hægt að umbreyta próteinþættinum í verðmæti til þess að standa undir hráefnisverði og fylgist þar að lágt heimsmarkaðsverð á undanrennufti og undanrennuosti og sterk króna. Var nokkuð rætt um tækifærin sem eru í skýrsölu erlendis og tekjurnar af leyfissölu.

Ábendingar um gæðamál og umræður um Fyrirmyndarþúð áttu einnig uppá pallborðið í umræðunum. Sérstaklega um kostnaðinn við fyrirmyndabú, sem er óverulegur en rætt var líka um framtíðina í eftirliti með starfsleyfum kúabúa. Um áramótin flutti mjólkureftirlitið til Auðhumlu frá MS sem mun byggja upp eigið gæðakerfi og gæðaeftirlit. Því fylgir að óskað hefur verið eftir heimild frá öllum kúabændum að þeir gefi Auðhumlu aftur heimild til þess að fá afrit af fjósaskoðunarvottorðum MAST eins og áður var. Markmiðið er að í framtíðinni verði skoðanir MAST óþarfar nema í undantekningartilfellum.

Pá var spurt um verksmiðjuna Heilsuprótein sem opnuð var á síðasta ári og hvernig því verkefni framvindur. Er sagt frá Heilsupróteini sérstaklega í þessum mjólkurpósti.

Að lokum fengu 39 bú verðlaun fyrir úrvalsmjólk á síðasta ári og var þeim afhent viðurkenning á deildarfundunum. Óska ég þeim aftur til hamingju með góðan árangur.

Sumarkveðja,
Garðar Eiríksson

Steinþór Björnsson	Hvannabrekku	Austurlandsdeild
Kolsholt ehf	Kolsholti	Flóa- og Ölfusdeild
Gísli Hauksson	Stóru-Reykjum	Flóa- og Ölfusdeild
Ragnar F. Sigurðsson og Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Ármóti	Flóa- og Ölfusdeild
Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti,	Uppsveitadeild
Gunnar K. Eiríksson og Magga S. Brynjólfssdóttir	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
Bragi Viðar Gunnarsson	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
Jóhann Kormákksson og Esther Guðjónsdóttir	Sólheimum	Uppsveitadeild
Birna Þorsteinsdóttir og Rúnar Bjarnason	Reykjum	Uppsveitadeild
Ágúst Gunnarsson	Stærri Bæ	Uppsveitadeild
Páll I. Árnason og Kirsten Anita J	Haga	Uppsveitadeild
Bolette Höeg Koch	Hæli 1	Uppsveitadeild
Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir	Pverlæk	Holta-, Landm.-, Ása og Djúpárd.
Guðjón Björnsson	Syðri-Hömrum 2	Holta-, Landm.-, Ása og Djúpárd.
Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
Péturseyjarbúið ehf.	Pétursey,	V-Skaftafellsdeild
Sigvaldi Jónsson og Björg María Þórsdóttir	Hægjindi	Borgarfjarðardeild
Félagsbúið Skálpastöðum ehf	Skálpastöðum	Borgarfjarðardeild
Jörfabúið	Jörfa	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
Sigurjón Grétarsson og Lilja Björk Kristjánsdóttir	Furubrekku	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
Guðjón Jóhannesson	Syðri-Knarrartungu	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
Kjartan Jóseppson	Nýjubúið	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson	Bakka	Hvafjarðardeild
Jóel Bæring Jónsson	Saurstöðum	Breidafjarðardeild
Félagsbúið Breiðalæk ehf	Breiðalæk	Breidafjarðardeild
Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir	Villingadal	Norðausturdeild
Hlynur Þórssón og Linda Ellen Tómasdóttir	Akri	Norðausturdeild
Hallstekkur ehf	Pverá	Norðausturdeild
Gunnsteinn Þorgeirsson	Sökku	Norðausturdeild
Karl Ingi Atlason	Hóli	Norðausturdeild
Urðarbúið	Urðum	Norðausturdeild
Vogabúið ehf	Vogum	Norðausturdeild
Erlingur Teitsson	Brún	Norðausturdeild
Arndísarstaðir ehf.	Arndísarstöðum	Norðausturdeild
Rögvaldur Ólafsson og Sigrún	Flugumyrarhvammi	Skagafjörður
Þorleifur Hólmsteinsson	Þorleifsstöðum	Skagafjörður
Kúskerpi ehf.	Kúskerpi	Skagafjörður
Keldudalur ehf.	Keldudal	Skagafjörður
Hofdalabúið ehf.	Hofdölum	Skagafjörður



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt framkvæmdastjóra Auðhumlu.



Verðlaunahafar í Austurlandsdeild ásamt Garðari Eiríkssyni, framkvæmdastjóra Auðhumlu.



Deildarfundur Norðausturdeildar á Svalbarðseyri.

Framleiðsla mjólkur janúar – mars 2018

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Á fyrstu mánuðum ársins 2018 hefur mjólkurframleiðsla verið mikil. Vikulega mæld innvigtun fyrstu 15 vikunnar hefur verið meiri en tvö undangengin ár – 2016 og 2017. Flest bendir til þess að sömu aðstæður í framleiðslu mjólkur verði áfram á komandi mánuðum. Í yfirliti 1 sést framleiðsla mjólkur bæði á vikugrunni svo og mánaðargrunni frá árinu 2016 til mars/apríl 2018.

Sala mjólkur og útlutningur


Í yfirliti 2 sést ráðstöfun mjólkur í mars 2018 og einnig sl. 12 mánuði þ.e. apríl 2017 – mars 2018. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 131,6 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því dregist saman um -1,09% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 145,8 milljónir lítra. og jókst um 1,97% á sama tíma. Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili nam 153,1 milljónum lítrum. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 21,5 milljónir lítra á próteingrunni og um 7,3 milljónir lítra á fitugrunni. Útlutningur á mjólk m.v. prótein nam 23,1 millj. ltr, en útlutningur á fitugrunni nam um 3,3 millj. lítrum. Bilið á milli fitu- og próteinsölu á innanlandsmarkaði er enn að aukast og verður samhlíða stöðugt meira fþyngjandi fjárhagslega fyrir rekstur mjólkur-iðnaðarins.

Birgðir mjólkurvara


Í yfirliti 3 er birgðapróun helstu flokka mjólkurvara frá janúar 2016 – loka mars 2018. Allar ostabirgðir eru í jafnvægi m.t.t. aldurssamsetningar og magns þeirra helstu ostaflokka sem eru inni í birgðastjórnun mjólkurvara (Gouda og Mozzarella).

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	mars mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	29.703.832	29.366.248	31.513.781	-0,51	4,85	-6,40
Innvegin mjólk	13.899.533	39.501.527	153.108.759	4,10	5,31	2,85
Seldar afurðir	11.462.262	32.194.552	131.596.008	-3,10	-1,39	-1,09
Útlutningur	3.680.294	7.684.817	23.127.746	492,84	392,84	36,81
Birgðir í lok	28.862.356	28.862.356	28.862.356	-8,41	-8,41	-8,41
Mismunur	-401.547	126.050	1.036.430	-46,82	-161,48	-2,71
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	25.457.810	22.696.395	23.220.526	12,89	6,79	-18,13
Innvegin mjólk	13.899.533	39.501.527	153.108.759	4,10	5,31	2,85
Seldar afurðir	13.005.684	34.998.977	145.853.086	3,48	2,16	1,97
Útlutningur	48.920	233.771	3.315.710	-65,77	-26,67	-67,86
Birgðir í lok	26.576.062	26.576.062	26.576.062	14,45	14,45	14,45
Mismunur	-273.322	389.113	584.426	824,38	-59,68	-9,50

Yfirlit 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. mars 2018. (Heimild: SAM)







Innvigtun eftir mánuðum 2016 - 2018



Yfirlit 1. Vikuleg og mánaðarleg innvigtun mjólkur 2016 - 2018.

Birgðastaða mjólkurvara er í góðu jafnvægi en til að svo megi vera þá þarf að stjórna birgðum osta – bæði m.t.t. magns og aldursskiptingar með virkum hætti. Útlutningur próteins er fyrst og fremst í formi undanrennuosts og undanrennuosts.

Pálmi Vilhjálmsson,
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs



Yfirlit 3 Birgðapróun helstu vöruflokka janúar 2016 – mars 2018

Fyrirmyndarbú og gæðakerfi

FRÉTTIR

Um þessar mundir hafa 128 mjólkurframleiðendur fengið bú sín viðurkennd sem fyrirmyndarbú. Til viðbótar hafa 40 bú fengið fyrstu úttekt, en vantar mismikið upp á að ná fullri viðurkenningu sem fyrirmyndarbú.

Til hvers er verið að vinna í að skapa góða ímynd? Talið er að það séu markaðsleg verðmæti í að hafa gott matvælaöryggi, góða dýravelferð og góða ásýnd í frumframleiðslunni til að tryggja að afurðir okkar seljist vel. Þetta gæðastarf er verkfæri til þess að bæta ástand heima á bæjum. Þau bú sem ná einkunn 8,00 eða hærra, eru viðurkennd sem fyrirmyndarbú með tilheyrandi gæðagreiðslum, ef viðkomandi framleiðandi kys að fá slíka viðurkenningu.

Auðhumla hefur endurskoðað viðskiptaskilmála gagnvart mjólkurframleiðendum þar sem m.a. er krafist árlegrar úttektar samkvæmt fyrirmyndarbússtaðlinum. Í nútíma matvælaframleiðslu er mikilvægt að geta vísað í og unnið samkvæmt gæðakerfi. Slík krafa er ríkjandi í allri matvælaframleiðslu. Mjólkursamsalan starfar eftir ströngum gæða-

kerfum í allri sinni vinnslu í mjólkursamlögunum. Það þykir óeðlilegt að ekki sé unnið meira eftir gæðastöðlum í frumframleiðslunni og því er verið að breyta með þessari nýju nálgun.

Auðhumla hefur einnig óskað eftir að fá samþykki til þess að fá afrit af skýrslum MAST sem fellur til við opinberar úttektir hjá mjólkurframleiðendum. Í dag fær Auðhumla ekki upplýsingar um hver er með mjólkursöluleyfi eða ekki eða þegar MAST gerir athugasemdir við dýravelferð eða matvælaöryggi. Það ætti að vera sjálfsgagt að fá skriflega skýrslu frá MAST um hvaða mjólkurframleiðandi er með mjólkursöluleyfi eða ekki eða ef gerðar eru athugasemdir sem skaðað gæti ímynd og orðspor mjólkurframleiðslunnar. Það eru miklir markaðslegir hagsmunir í húfi að við stöndum vel að þessum gæðamálum og höfum skráningar og skjölun í góðu lagi. Ég hvet þá framleiðendur sem ekki hafa nú þegar sent inn samþykki sitt að gera það sem fyrst.

Garðar Eiríksson,
framkvæmdastjóri Auðhumla

Til fyrirmyndar

Þegar verkefnið Fyrirmyndarbúið var sett í gang var þetta hugsað sem hluti af gæðaeftirliti Auðhumla og jákvæður hvati í markaðslegum tilgangi. Þetta verkefni er einn þáttur í markaðsmálum afurðastöðva.

Ímynd – Ímynd – Ímynd. Við verðum að standa okkur, hafa góða ásýnd, vel hirta gripi og góða mjólk. Þannig getum við auglýst okkur með gæða vöru sem framleidd er í sátt við umhverfið. Hvort sem

okkur líkar betur eða verr, þá verðum við að svara markaðnum og hann gerir kröfur um mikil gæði og góða ásýnd. Við verðum ávallt að hafa í huga, að það tekur tíma að ávinna sér traust, en örskotsstund að tapa því. Einmitt þess vegna er verið að sækja skoðunar-skýrslurnar til MAST, svo hægt sé að grípa fyrr inn í ef eitthvað fer úrskeiðis og koma hlutunum í lag fyrir lokun.

Pórunn Andrésdóttir
Elin M. Stefánsdóttir

Útflutningur á próteindufti hafin – Fréttir af Heilsuprótein ehf.

FRÉTTIR

Í lok október á síðasta ári urðu talsverð þáttaskil í íslenskum landbúnaði þegar Heilsuprótein ehf. í eigu MS og KS tók til starfa á Sauðárkróki. Verksmiðjan hefur notað síðustu mánuði til að auka afköst en líklegt má teljast að hún hafi náð fullum afköstum um mitt þetta ár. Þykkt Mýsa er þegar farin að berast frá mjólkurbúum MS og KS til Heilsupróteins og mun aukast í magni á næstu mánuðum. Áætlað er að verksmiðjan framleiði úr rúmlega 300 tonnum af próteindufti við full afköst.

Heilsuprótein hefur nú þegar hafið sölu á duftinu sem selt var út úr landi til Bandaríkjanna til eins stærsta próteinvöruframleiðenda þar í landi. Sem stendur er heimsmarkaðsverð fyrir próteinduft lágt en útlit er fyrir að verðið sé á uppleið. Duftið eins og það er framleitt í dag hentar vel í margt t.d í próteindrykki og próteinstykki og stefnt er að því að þjónusta innlendan markað einnig.

Á næstu misserum standa svo vonir til þess að hefja næstu skref við vinnslu á mjólkursykrinum úr mysunni í Etanol (áfengi) sem verður sagt frá nánar síðar en fyrirhugað er að hefja framleiðslu á næstu 1-2 árum.



Er stofnun Heilsupróteins dæmi um hvernig lagaheimild í búvörlögum til samvinnu hefur verið notuð til að leysa umhverfisverkefni á hagkvæman hátt enda hefði kostnaðurinn við minnkun þurrrefna frá framleiðslunni verið kostnaðarsamari. Lagaheimildin um samvinnu fyrirtækja í mjólkuriðnaði hefur þannig lagt grunninn að því að kröfur nútímans um betri umhverfisstjórnun hafi verið hægt að leysa á viðskiptagrunnvelli.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir,
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

Mjólkurbikarinn snýr aftur!



Það muna eflaust margir eftir því þegar Bikarkeppni KSÍ bar yfirskriftina Mjólkurbikarinn og er því skemmtilegt að greina frá því að nú í sumar snýr Mjólkurbikarinn aftur. Samstarfssamningur KSÍ, Mjólkursamsölnunnar og Sýnar var undirritaður í húsakynnum KSÍ 5. apríl sl. af þeim Guðna Bergs- sýni, formanni KSÍ, Ara Edwald, forstjóra Mjólkursamsölnunnar og Stef- áni Sigurðssyni, forstjóra Sýnar.

Mjólkurbikar karla hófst fimmtudaginn 12. apríl. Alls eru 27 leikir á dagskrá í fyrstu umferð karla sem lýkur laugardaginn 27. apríl. Mjólk- urbikar kvenna hefst laugardaginn 5. maí en þá mætast lið Álftanes og Fjölnis á Bessastaðavelli en alls eru níu leikir á dagskrá í fyrstu umferð kvenna sem lýkur mánudaginn 21. maí.

58 ár eru síðan bikarkeppni KSÍ var haldin í fyrsta sinn en það var árið 1960 sem fyrst var keppt um bikarinn. Spennandi verður að sjá hvaða lið standa uppi sem sigurvegarar í lok sumars en leikið verður til úrslita í Mjólkurbikar karla og kvenna á Laugardalsvelli laugardaginn 15. september. Mjólkurbikarinn var nafnið á bikarkeppni KSÍ 1986-1994 og fengu 50.000 Íslendingar mjólkurbikarinn í sérstökum mjólkur- bikarsleik sem staðið var fyrir árið 1994. Nú þegar hefur almenningur brugðist vel við tilkynningunni og birt myndir af mjólkurbikarsglösum á samfélagsmiðlum sem enn þá leynast í eldhússkápum landsmanna 24 árum síðar.



Guðni Bergsson, Ari Edwald og Stefán Sigurðsson skáluðu að sjálfsögu í mjólk eftir undirskrift.

Mjólkurbikarinn verður áberandi á samfélagsmiðlum og gaman væri að sem flestir tækju þátt með því að fylgja síðunum á facebook, instagram og twitter.

[facebook.com/mjolkurbikarinn](https://www.facebook.com/mjolkurbikarinn) [twitter - @mjolkurbikarinn](https://twitter.com/mjolkurbikarinn)
[Instagram instagram - @mjolkurbikarinn](https://www.instagram.com/mjolkurbikarinn)

Sunna Gunnars Marteinsdóttir,
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

MARKAÐSMÁL

Smurostadósir

Verkefni í vörupróun eru margvísleg. Oft er um að ræða þróun nýjunga frá grunni, nýjar bragðtegundir og í sumum tilvikum algjörlega nýjar vörulínur. Einnig vinnur vörupróunarteymið að ýmsum umbótaverkefnum á núverandi vörum. Á deildarfundum fyrr á árinu komu fram ábendingar um að lokin á smurostadósunum ættu það til að detta af. MS og dósaframeiðandinn, Bergplast, hafa átt samstarf um að leysa þetta mál og tryggja að lokin séu fastari á. Til lengri tíma er til skoðunar að taka nýjar dósir með betri lokun inn samhliða breytingum á rjómaostsdósum.

Nýjar mjólkurumbúðir

Á næstu vikum munu nýjar mjólkurumbúðir lífa dagsins ljós. Á nýju um- búðunum er áhersla á að sýna mjólkina á girnilegan hátt. Þar eru einnig myndir sem sýna með hverju mjólkinn bragðast vel auk þess sem fjallað er um ýmis vítamín og bætiefni mjólkurinnar. Samhliða nýjum umbúðum fara af stað auglýsingar þar sem mjólk og bragðgott meðlæti verður í aðalhlutverki. Jafnframt verður unnið með mjólkina á samfélagsmiðlum.

MS hefur þróun á veganvörum

Mjólkursamsalan ehf. hefur í samstarfi við ráðgjafa hafið skoðun og þróun á veganvörum fyrir íslenskan markað. MS hefur alltaf lagt mikla áherslu á vörupróun og að koma til móts við þarfir og óskir neytenda. Markmiðið með þessum nýju veganvörum er að koma til móts við neyt- endur sem kjósa þessar vörur og eru meðvitaðir um kolefnisfótspor matvara. Vörurnar verða próaðar með íslensku vatni og áhersla lögð á að önnur innihaldsefni hafi sem minnst kolefnisfótspor.

Mjólkursamsalan hefur á að skipa reynslumiklu og vel menntuðu starfs- fólki í vörupróun. Fyrirtækið býr yfir góðum vélbúnaði og starfsfólki með mikla reynslu við framleiðslu matvæla fyrir íslenskan markað. Því hefur verið ákveðið að skoða með hvaða hætti fyrirtækið getur uppfyllt vax- andi eftirspurn eftir veganvörum með íslenskri framleiðslu úr íslensku bergvatni. Vonast er til að fyrstu vörurnar í þessum flokki verði hægt að kynna síðar á árinu.

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri

Þakkir frá Bessastöðum

MS í Búðardal fékk ánægjulegt þakkarbréf frá forseta Íslands eftir opinbera heimsókn þeirra hjóna í Dalabyggð í desember síðastliðnum.

